

Upplýsingar um nýja reglugerð um Viðlagatryggingu Íslands nr. 642/2017



Ný reglugerð nr. 642/2017 (rgl.) um Viðlagatryggingu Íslands var birt í Stjórnartíðundum 13. júlí 2017. Samkvæmt 11. gr. er hún sett með heimild í lögum um Viðlagatryggingu Íslands nr. 55/1992. Fellur þá úr gildi reglugerð nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands, ásamt síðari breytingum

Helstu breytingar frá fyrri reglugerð

Helstu efnislegar breytingar varðandi váttryggingaráhættuna í 5. tl. 2. gr. rgl.:

Orðunum „sem renna að staðaldri“ er bætt inn í ákvæðið. Einnig er bætt inn í ákvæðið „vatnsflóðum þegar skyndileg flóð koma frá jökli vegna bráðnunar íss“.

Fellt er út ákvæði um að árleg eða reglubundin flóð úr ám, lækjum, sjó eða vötnum teljist ekki bótaskyld vatnsflóð.

Bætt er inn í ákvæðið að flóð vegna úrkomu sem ekki falla undir 1. ml. séu undanskilin.

Í nýju ákvæði 3. gr. rgl. er lausafé sem skylt er að váttryggja skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 afmarkað:

Afmörkun lausafjár sem er brunatryggt skv. 1. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 eru eignir sem eru váttryggðar skv. 8. tl. 1. mgr. 20 gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi¹.

Samkvæmt 2. tl. 3. gr er ákvæði um lausafé skv. 2. ml. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992 sem váttryggt er með almennri samsettri váttryggingu sem inniheldur brunatryggingu og flokkast undir eignatryggingar samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 20 gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

Helstu breytingar varðandi mannvirki sem skylt er að váttryggja skv. 4. gr. rgl.:

Í 1. tl. er ákvæði um hitaveitur sem skylt er að váttryggja. Borholur hafa verið undanskildar og er núna tiltekið að fylgifié þeirra sé einnig undanskilið. Þá er felld út skylda til að váttryggja brýr og vegi sem einungis þjóna veitukerfinu.

Í 2. tl. er ákvæði um vatnsveitur sem skylt er að váttryggja. Borholur hafa verið undanskildar og er núna tiltekið að fylgifié þeirra sé einnig undanskilið. Þá er nánar skýrt hvaða brunnar eru undanskildir og er núna tiltekið að fylgifié þeirra sé einnig undanskilið.

¹ Í ákvæðinu er undanskilið það sem er í 3, 4, 5 og 7. tl. sömu greinar. Það hefur í för með sér að húftryggingar ökutækja, þ.m.t. vélknúnum ökutækjum á landi öðrum en járnbrautum og ökutækjum til notkunar á landi öðrum en vélknúnum ökutækjum, járnbrautatryggingar, húftryggingar loftfara og flutningatryggingar, þ.m.t. altjón á vörum og farangri í flutningi eru undanskyldar viðlagatryggingu. Sjá nánar 8. tl. 20. gr. laga nr. 100/2016 fjallar um eignatryggingar

Í 6. tl. er ákvæði um raforkuvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs sem skylt er að vátryggja. Þar er núna tiltekið að götuljós falli undir ákvæðið.

Í 7. tl. er ákvæði um síma- og fjarskiptamannvirki sem skylt er að vátryggja. Þar er núna tiltekið að tölvuver, gagnaver og lagnir, þ.á.m. ljósleiðarar, falli undir ákvæðið.

Í 2. mgr. 4. gr. rgl. er ákvæði um að mannvirki teljist í eigu hins opinbera ef þau eru í eigu félags sem er í meirihluta í eigu sveitarfélags eða ríkissjóðs.

Þá er núna heimilt skv. 3. mgr. 4. gr. rgl. að tryggja opinber mannvirki í smíðum ef þau eru brunatryggð.

Í 6. gr. rgl. er eldra ákvæði um vátryggingarfjárhæðir mannvirkja, sem skylt er að vátryggja skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1992, umorðað. Einnig er þar að finna nýmæli.

Í 2. mgr. er tiltekið að eigandi mannvirkis beri ábyrgð á því að enduröflunarverð mannvirkis sé rétt á hverjum tíma.

Fellt er út ákvæði um að miða vátryggingu við fyrsta dag hvers ársfjórðungs. Í stað þess er nú tiltekið í 3. mgr. 6. gr. rgl. að eigendum mannvirkja sé skylt að tilkynna Viðlagatryggingu Íslands þegar ný og breytt mannvirki eru tekin í notkun og tilkynna um breytt enduröflunarverð. Jafnframt er tiltekið að vátrygging taki ekki gildi fyrir en Viðlagatrygging Íslands hefur sannarlega móttengið tilkynningu þess efnis og skrá um enduröflunarverð mannvirkis. Einnig er tiltekið að við eigendaskipti skuli ekki fella niður vátryggingu nema fyrir liggja staðfesting á nýrri vátryggingu.

Í 4. mgr. 6. gr. rgl. er tiltekið að miða skuli við byggingarvisitölu við upp færslu enduröflunarverðs. Þá er einnig tiltekið að eigandi beri kostnað af mati sem Viðlagatrygging Íslands getur látið sérfróða og óvilhalla menn framkvæma, sé ástæða til að ætla að áætlun sé óraunhæf eða eigandi mannvirkis hefur vanrækt að láta í té upplýsingar um eignir.

Helstu breytingar varðandi ákvæði um ákvörðun bóta í 10. gr. rgl.:

Í 1. tl. 10. gr. rgl. er tiltekið að vátryggingin bæti hvorki afleitt tjón svo sem rekstrartap, né tjón sem hlýst af því, að eign varð ekki notuð á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið, auk annars óbeins tjóns.

Í 2. mgr. 3. tl. 10. gr. rgl. er tiltekið að verðmæti vátryggðs lausafjár sem fylgir almennu heimilishaldi skuli miðast við nývirði að frádreginni hæfilegri fjárhæð vegna verðryrnunar sökum minnkaðs notagildis eða annarra atvika.

Í 4. tl. 10. gr. rgl. er tiltekið að bætur fyrir vörur, sem vátryggður hefur framleitt til sölu verðleggjast á kostnaðarverði og bætur fyrir vörur í framleiðslu verðleggjast samkvæmt innkaupsverði á hráefni að viðbættum áföllnum kostnaði.

Í 5. tl. 10. gr. rgl. er tiltekið að tekið skuli tillit til 1. mgr. 3. tl. við ákvörðun bóta þegar um tjón að hluta er að ræða. Einnig er tiltekið að tjónþoli skuli gefa Viðlagatryggingu Íslands kost á að skoða og meta tjón áður en viðgerð hefst eða skemmdum eignum er ráðstafað. Fargi tjónþoli skemmdum eignum getur það varðað lækkun eða missi bóta skv. lögum um vátryggingasamninga.